

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Selevitan vet. stungulyf, lausn.

2. INNIHALDSLÝSING

Virk innihaldsefni

1 ml inniheldur:
Selen 0,6 mg.
E-vítamín 50 mg.

Hjálparefni:

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Dýrategundir

Nautgripir.

4.2 Ábendingar fyrir tilgreindar dýrategundir

Selen/E-vítamínskortur hjá kálfum.

4.3 Frábendingar

Engar

4.4 Sérstök varnaðarorð fyrir hverja dýrategund

Ekki má gefa hestum þetta lyf.

4.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur við notkun hjá dýrum

Skömmtum, sem eru stærri en 10 ml, skal skipta á fleiri en einn stungustað.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið

Á ekki við

4.6 Aukaverkanir (tíðni og alvarleiki)

Sjá kafla 4.10.

Ef stórir skammtar eru gefnir í vöðva getur það leitt til staðbundinna áhrifa á vef.

4.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Nota má lyfið.

4.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

4.9 Skammtar og íkomuleið

1 ml/10 kg líkamsþunga, gefið í vöðva.

Ekki má endurtaka meðferðina fyrir en að 3 vikum liðnum.

4.10 Ofskömmtnun (einkenni, bráðameðferð, móteitur, ef þörf krefur)

Gera verður ráð fyrir alvarlegum aukaverkunum sem geta verið banvænar, þegar gefinn er 10-20 faldur ráðlagður skammtur. Venjuleg einkenni ofskömmtnunar eru lystarleysi, ofþornun, skjögur og e.t.v. niðurgangur.

4.11 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Sláturafurðir: 30 sólarhringar.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Selen blöndur, ATCvet flokkur: Q A 12 C E 99.

Selen og E-vítamín hafa samverkandi, andoxunaráhrif á milli frumna (intercellular) og innan frumna (intracellular) í líkamanum.

E-vítamín hefur andoxunaráhrif í fitufasa líkamans og selen hefur andoxunaráhrif í vatnsfasa líkamans, en selen er hluti ensímsins glutathionperoxidasa. Selen verkar með því að eyða peroxíðum en E-vítamín verkar með því að eyða sindurefnum (free radicals).

Afleiðing andoxunarverndar sem selen/E-vítamín hefur á fjölómettaðar fitusýrur er sú að lyfið veldur auknum stöðugleika frumuhimna um allan líkamann.

5.2 Lyfjahvörf

Eftir inndælingu verður hröð upptaka selens/E-vítamíns í plasma. Selen er síðan smám saman tekið upp í rauðkorn en hraðari upptaka á sér stað í vefjum, einkum lifur og nýrum. Brotthvarf verður einkum í þvagi og saur.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Sorbinsýra E 200 2 mg.

Bútýlhýdroxýtólúen 2 mg.

Sítrónusýrueinhýdrat 0,5 mg.

Pólýoxýl-35-ricinolía 175 mg.

Vatn fyrir stungulyf að 1 ml.

6.2 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Á ekki við

6.3 Geymsluþol

2 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýrallyfsins.

6.5 Gerð og samsetning innri umbúða

Hettuglas

6.6 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Farga skal öllum ónotuðu dýrallyfi eða úrgangi vegna dýrallyfja í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Boehringer Ingelheim Animal Health Nordics A/S
Strødamvej 52
2100 København Ø
Danmörk.

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

MTnr 822959

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

2. júní 1983/17. febrúar 2011.

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

26. janúar 2018.

TAKMARKANIR Á SÖLU, DREIFINGU OG/EÐA NOTKUN

Lyfið er lyfseðilsskyt. Notkun er bundin við að dýralæknir annist lyfjagjöfina.